

## Reglur<sup>1</sup>

*fyrir umferð um brúna á Ölfusá hjá Selfossi.*

1. gr.

Enginn má fara yfir brúna harðara en klyfjagang, hvort sem hann er riðandi eða hann teymir eða rekur hesta, einn eða fleiri.

2. gr.

Hesta með klyfjum má aldrei reka yfir brúna, heldur skal ávallt teyma þá, og hesta með trjádrætti skal ávallt teyma einn og einn.

3. gr.

Lausa hesta og stóð má aldrei reka yfir brúna fleiri í einu en 10, og ber öllum, sem yfir brúna fara, að haga svo ferð sinni, að aldrei sje fleiri hestar en 10 á brúnni í einu. Nautgripi má ekki fara með yfir brúna nema einn í einu, og þannig að tveir menn fylgi hverjum.

4. gr.

Brot á móti reglum þessum varðar sektum, og fær sá, sem broti kemur upp, helming sektarinnar. Verði nokkur uppvis að því að hafa skemmt brúna af ásettu ráði, þá varðar það fangelsi eða sektum samkvæmt 295. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869.

Reykjavík, 5. júlí 1892.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

**Magnús Stephensen.**

*Hannes Hafstein.*

### HEIÐURSMERKI.

19. dag maímán. var *kapteinn C. Berg* á Dýrafirði af hans hátign konunginum sæmdur *riddarakrossi dannebrogssordunnar* frá 26. maí að telja.

21. maí voru eptirnefndir prófastar af hans hátign konunginum sæmdir *riddarakrossi dannebrogssordunnar* frá 26. s. m. að telja:

1. *Sæmundur prófastur Jónsson á Hraungerði,*
2. *Hjörleifur prófastur Einarsson á Undirfelli* og
3. *David prófastur Guðmundsson á Hofi,*

og *heiðursmerki dannebrogsmanna* bændurnir:

1. *Einar B. Guðmundsson á Hraunum* og
2. *Jón Jóakimsson á Þverá í Laxárdal.*

### LAUSN FRÁ SÝSLAN.

17. júní veitti landshöfðingi *umboðsmanni yfir Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðsjörðum og Hallbjarnareyri, Jóni Jónssyni á Brimilsvöllum*, samkvæmt beiðni hans lausn frá tjeðri sýslan frá 1. okt. næstkomandi að telja.

### ÓVEITT SÝSLAN.

Umboðið yfir *Arnarstapa- og Skógarstrandarjörðum* ásamt *Hallbjarnareyri* verður veitt frá fardögum 1893. Umboðsmaður hefur í laun sjöttung ( $\frac{1}{6}$  eða  $16\frac{2}{3}\%$ ) af umboðstekjum þeim, er hann innheimtir, en verður að standa landssjóði skil á þeim í peningum eptir verðlagsskrá, þótt þær sjeu greiddar honum í landaurum. Bónarbrjefin um sýslan þessa á að stíla til landshöfðingja, en senda amtmanninum í suðuramtinu og vesturamtinu innan loka októbermánaðar næstkomandi.

Sá, er skipaður verður umboðsmaður, verður að setja veð eptir nákvæmari ákvörðun landshöfðingjans.

1) Reglur þessar koma í staðinn fyrir reglur um sama efni, útgefnar 14. sept. 1891.